

Fimmtudaginn 24. mars 1983.

Nr. 201/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Jóhanni Þóri Bjarnasyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 25. ágúst 1982. Ágrip máls barst Hæstarétti 21. desember 1982.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur, þó svo, að refsing ákærða verði þyngd.

Verjandi krefst lækkunar á refsingu ákærða.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms fór fram í rannsóknastofu í lyfjafræði efnafræðileg rannsókn á sýni úr efni því, sem lagt var hald á, er ákærði kom til Keflavíkurflugvallar 29. maí 1982. Samkvæmt bréfi rannsóknastofnunarinnar 30. desember 1982 reyndist efni þetta vera kannabis.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara og færslu á háttsemi ákærða til refsíákvæða, þó svo, að 9. gr. laga nr. 75/1982, sem birt voru 10. júní 1982, verður eigi beitt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eftir að héraðsdómur gekk, sætti ákærði með sáttargerð í saka-dómi Reykjavíkur 50.000.00 króna sekt vegna brots gegn „60. gr. tolll. og 33. og 34. gr. áfl.“, eins og segir í sakavottorði ákærða, sem lagt var fyrir Hæstarétt. Brot þetta var framið 19. nóvember 1981.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin samkvæmt greindum refsheimildum og með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga og með tilliti til sakaferils hans varðhald 30 daga. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku.

Með hliðsjón af eignarupptöku á því efni öllu, er ákærði flutti til landsins, þykir eigi efni til að ákærði sæti fésekt auk refsivistar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 5.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði Jóhann Þórir Bjarnason, sæti varðhaldi 30 daga. Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 5.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fikniefnamálum 19. júlí 1982.

Ár 1982, mánudaginn 19. júlí, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fikniefnamálum, sem haldið var að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinsyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 918/1982: Ákærvaldið gegn Jóhanni Þóri Bjarnasyni.

Málið var höfðað á hendur Jóhanni Þóri Bjarnasyni, fæddum 17. september 1948 í Reykjavík, „fyrir að hafa í síðari hluta maí 1982 keypt 240 gr af hassi í Kaupmannahöfn fyrir um kr. 8.000 danskar og flutt megnið af því hingað til lands 29. s. m., en við komu til Keflavíkurflugvallar fundust á ákærða um 225 gr af hassinu, sem lagt var hald á.“

Ofangreind meint háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fikniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fikniefna nr. 390/1974.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 á ofangreindu hassi, sem hald var lagt á.

Ákærði hefur, svo sem áður er rakið, náð sakhæfisaldri og hefur tvívegis gengist undir sátt vegna brota á fikniefnalöggjöfinni, eða 16. júlí 1979, sekt gkr. 160.000, og 16. apríl 1980, sekt gkr. 75.000.

Ákæra á hendur ákærða var út gefin 5. júlí 1982. Ákærða var birt ákæran í þinghaldi 15. s. m. Mál þetta, sem er í alla staði vel upplýst, var

siðan tekið til dómsálagningar sama dag, og hafði ákærði ekki athugasemdir fram að færa varðandi efni ákæruskjals og játaði skýlaust háttsemi þá, er honum er gefin að sök.

Málsatvik.

Ákærði kom hingað til lands þann 29. maí úr ferð til Kaupmannahafnar. Við tollleit á Keflavíkurlflugvelli fundust á ákærða hassefni, sem við vigtun reyndust 225.6 grömm.

Ákærði var yfirheyrður hjá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík síðar ofangreindan komudag. Kvað ákærði sig hafa keypt 240 gr af hassi í Christianíu í Kaupmannahöfn af sér ókunnum aðilja. Ákærði kvaðst hafa greitt danskar kr. 8.000.00 fyrir efnið. Kvaðst ákærði hafa neytt u. þ. b. 10 gr af efninu ytra, en flutt afganginn innan klæða hingað til lands. Aðspurður kvaðst ákærði hafa ætlað sér að nota efnið mest til eigin neyslu, en þó einnig að selja eitthvað af efninu til að hafa upp í kostnað.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dómi 1. júní 1982, og bar ákærði þá efnislega á sama veg og að ofan hefur verið rakið.

Ákærði var enn yfirheyrður um sakarefni í þinghaldi 15. júlí sl., og kvað ákærði sök sinni rétt lýst í ákæruskjali og ekki hafa athugasemdir fram að færa varðandi efni ákæruskjals.

Niðurstöður.

Dómurinn telur sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í ákæru greinir, eða að hafa síðari hluta maí 1982 keypt 240 gr af hassi í Kaupmannahöfn fyrir kr. 8.000.00 danskar. Ákærði flutti hingað til lands 225.6 gr af efninu, og var lagt hald á efnið við heimkomu ákærða þann 29. maí sl.

Ákærði hefur samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Brot ákærða vara við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Að öllu ofanrituðu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sem varðhald í 40 daga.

Þá er ákærða gert með vísan til 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 101/1976, að greiða kr. 5.000.00 í sekt til ríkissjóðs.

Verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja, komi varðhald í 20 daga í sektar stað.

Með vísan til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 skulu upptæk til eyðingar 225.6 grömm af hassi, sem lagt var hald á við rannsókn málsins. Efnið er nú í vörslu lögreglu, merkt efnaskrá nr. 787.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhann Þórir Bjarnason, fæddur 17. september 1948, skal sæta varðhaldi í 40 daga.

Ákærði greiði kr. 5.000.00 í sekt til ríkissjóðs.

Verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja, komi varðhald í 20 daga í hennar stað.

Upptæk til eyðinga: skulu 225.6 gr af hassi, merkt efnaskrá nr. 787.

Ákærði greiði sakarkostnað.

Föstudaginn 25. mars 1983.

Nr. 267/1981. **Eggert Ó. Sigurðsson**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Ingibjörgu Eggertsdóttur

(Jón Oddson hrl.)

og **Böðvari Bragasyni,**

skiptaráðanda í Rangárvallasýslu.

Skiptamál. Búskipti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. desember 1981. Hann gerir þessar dómkröfur:

1. „Eignir búans verði þær, sem taldar eru tæmandi í uppskrift matsmanna í endurríti úr skiptabók Rangárvallasýslu frá 30. ágúst 1980, samtals að fjárhæð gkr. 54.706.000,00.“
2. „Skuldir verði taldar þær, sem frá greinir í áður nefndri uppskrift gkr. 18.910.101,00 auk kaupkröfu varnaraðila, sbr. bréf hans, dags. 14. mars 1981, gkr. 87.734.550,00, eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins.“